

### **380. fundur velferðarráðs - 24. júní 2020**

#### **20. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að sett verði á laggirnar vinnuregla um að starfsmenn velferðarþjónustu/þjónustumiðstöðva yfirgefi ekki vinnustaðinn í lok dags fyrir en þeir eru búnir að svara með einum eða öðrum hætti innkomnum erindum (skeytum/skilaboðum) sem borist hafa. Vissulega gætu komið dagar sem þetta er ekki hægt en í það minnsta muni starfsmenn leitast við af öllum mætti að gera þetta. Hér er ekki átt við að öll erindi fái fullnaðarafgreiðslur enda slíkt ekki raunhæft heldur að þeim sem sent hafa skeyti eða skilaboð verði svarað sem dæmi: „erindið er mótttekið/málið er í skoðun/ haft verður samband hið fyrsta“, eða eitthvað á þessa leið. Fólk sem hringir á þjónustumiðstöðvar er með ákveðin erindi, misáríðandi eins og gengur. Í flóknari málum skilja flestir að afgreiðsla getur tekið einhvern tíma. Hins vegar skiptir það máli að fá vitneskju um að erindi þeirra er mótttekið og haft verði samband. Þær upplýsingar hjálpa. Við sem erum í þjónustustörfum eigum ávallt að gera allt til að léttja skjólstæðingum okkar lífið, milda álag og draga úr streitu og kvíða. Móttökuskeyti getur skipt þjónustuþega þjónustumiðstöðva máli.

Frestað.